

Það er EKKI alveg komið að því!

Hrafnista 28. janúar 2021

Ágætu íbúar, hvíldargestir og aðstandendur.

Hjá flestum íbúum Hrafnistuheimilanna er liðin vika frá bólusetningu nr 2 og flestir því komnir með mótefni fyrir Covid. Hjá þeim íbúum verða verulega tilslakanir á heimsóknartakmörkunum sem taka gildi föstudaginn 29. janúar 2021.

Fyrir þá íbúa sem **EKKI** hafa lokið bólusetningu nr 2 eða hafa **EKKI** fengið bólusetningu nr 1 er mikilvægt að hafa í huga að fullri vörn er ekki náð eða engin vörn komin. Því mælum við eindregið með því þeir íbúar haldi sig inn á heimilunum og fái heimsóknir aðstandenda þangað.

Það munu samt einnig verða töluverðar breytingar á heimsóknartakmörkunum hjá ykkur.

Um leið og 7 dagar eru liðnir frá bólusetningu nr 2 teljast flestir vera komnir með mótefni gegn Covid og þá gilda aðrar heimsóknarreglur, sem þið verðið upplýst um þegar þar að kemur.

Upplýsingar um heimsóknartíma veitir hvert Hrafnistuheimili fyrir sig.

- Tveir gestir hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa dag hvern.
- Börn undir 18 ára hafa leyfi til að koma í heimsókn, **en þá teljast þau annar af þessum tveimur gestum.**
- Undanþága frá ofangreindum reglum er aðeins veitt við mikil veikindi og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.
- Munið að spritta hendur við komu á heimilið og eins áður en þið yfirgefið það.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- **Vinsamlega hafið grímuna á ykkur allan tímann á meðan heimsókn stendur.**
- Vinsamlegast farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inn á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- Virðið 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
- Heimilt er að fara með íbúa út í göngutúr í nærumhverfi á meðan á heimsókn stendur.
- **EKKI er heimilt að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna.**

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Hrafnistu ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 10 dögum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að baráttan gegn COVID-19 er ekki unnin og smitum getur fjölgað mjög hratt eins og reynsla hefur kennt okkur. Ef það gerist þurfa heimilin að grípa aftur til ákveðinna aðgerða og takmarkana.

Með vinsemd og virðingu,

Neyðarstjórn Hrafnistu